

49. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholtsskóla þriðjudaginn 6. október 2009 kl. 11:00.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerðir síðasta fundar. Samþykkt með framkominni orðalagsbreytingu.
2. Ársreikningur 2008
Reikningurinn yfirfarinn og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.
3. Fjárhagsáætlun 2010-drög
Annars vegar áætlun vegna viðhaldsverkefna og hins vegar rekstrar.
Áætlunin verður lögð fyrir Kirkjuráð, en á fundi ráðsins á morgun fer fram fyrri umræða um fjárhagsáætlun kirkjunnar fyrir 2010.
Í ljós hefur komið að gluggar Skálholtskirkju þarfnast verulegs viðhalds. Búið er að hafa samband við Bygginga -og listanefnd þjóðkirkjunnar, sem er tilbúin til að halda utan um málið og láta gera úttekt og kostnaðaráætlun vegna viðgerðanna. Þetta verður augljóslega dýr framkvæmd og verður að vera sérverkefni, óháð fjárhagsáætlun staðarins.
Þá var lagt fram yfirlit um stöðu fjármála Skálholts 31. ágúst 2009.
4. Þjónustuhús.
Í athugun hefur verið hvort einhverjir aðilar væru tilbúnir til að lána eða leigja staðnum færanlegt hús, sem nota mætti sem móttöku- og upplýsingaaðstöðu. Það gæfi staðnum aukna tekjumöguleika að fá slíkt hús, um leið og aðstaða til móttöku ferðamanna er leyst til bráðabirgðar.
Stjórnin samþykk því að þetta mál verði skoðað frekar.
5. Önnur mál.
Guttormur Bjarnason er í veikindaleyfi. Annað starfsfólk staðarins skiptir með sér störfum hans eftir þörfum og iðnaðarmenn kallaðir til ef með þarf.

Rektor mun sækja árlega ráðstefnu OTSEM (Old Testament Studies. Epistemologies and Methods) í Göttingen í Þýskalandi 18.-26. október n.k. Rektor situr í stjórnarnefnd OTSEM fyrir hönd Íslands, en þar eiga auk þess sæti fulltrúar háskólanna í Osló, Stavanger, Bergen, Lundi, Uppsala, Kaupmannahöfn, Árósum, Göttingen og Oxford. Þessi ráðstefna verður í Skálholti í október á næsta ári með 45-50 þátttakendum. Stjórnin samþykkir að veita rektor styrk til að sækja ráðstefnuna í Göttingen.

Næsti fundur stjórnar verður 19. nóvember n.k. kl. 10:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.

Hólmfríður Ingólfssdóttir